

Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggist á		1
FYRSTI HLUTI:	MEGINREGLUR	1
ANNAR HLUTI:	AÐLÖGUN AÐ SÁTTMÁLANUM	4
I. BÁLKUR:	ÁKVÆÐI UM STOFNANIR	4
1. Kafli:	Evrópuþingið	4
2. Kafli:	Ráðið	4
3. Kafli:	Dómstóllinn	5
4. Kafli:	Efnahags- og félagsmálanefndin	5
5. Kafli:	Svæðanefndin	6
6. Kafli:	Vísinda- og tækninefndin	6
7. Kafli:	Seðlabanki Evrópu	6
II. BÁLKUR:	ÖNNUR AÐLÖGUN	7
ÞRIÐJI HLUTI:	VARANLEG ÁKVÆÐI	7
I. BÁLKUR:	AÐLÖGUN Á GERÐUM SEM STOFNANIRNAR Hafa SAMÞYKKT	7
II. BÁLKUR:	ÖNNUR ÁKVÆÐI	7
FJÓRÐI HLUTI:	TÍMABUNDIN ÁKVÆÐI	8
I. BÁLKUR:	BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR	8
II. BÁLKUR:	ÖNNUR ÁKVÆÐI	13
FIMMTI HLUTI:	ÁKVÆÐI ER VARÐA FRAMKVÆMD ÞESSARA LAGA	14
I. BÁLKUR:	STOFNUNUM OG STARFSEININGUM KOMIÐ Á FÓT	14
II. BÁLKUR:	GILDISSVIÐ GERÐA SEM STOFNANIRNAR SAMÞYKKJA	16
III. BÁLKUR:	LOKAÁKVÆÐI	17

VIÐAUKAR

II. Viðauki:	Skrá sem um getur í 20. gr. í aðildarlögunum	18
1.	Frjálsir vöruflutningar	18
A.	Vélknúin ökutæki	18
B.	Áburður	28
C.	Snyrtivörur	29
D.	Lögmælifræði og neytendaumbúðir	29
E.	Þrýstihylki	30
F.	Textílefni og skófatnaður	30
G.	Gler	31
H.	Láréttar ráðstafanir og málsmeðferðarráðstafanir	32
I.	Opinber innkaup	34
J.	Matvæli	56
K.	Íðefni	61
2.	Frjáls för fólks	143
A.	Almannatryggingar	143
B.	Frelsi launþega til flutninga	216
C.	Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi	217
I.	Almennt kerfi	217
II.	Starfsgreinar lögmanna	221
III.	Lækningar og skyld starfsemi	222
IV.	Byggingarlist	293
3.	Frelsi til að veita þjónustu	298
4.	Félagaréttur	300
A.	Félagaréttur	300
B.	Reikningsskilastaðlar	302
C.	Hugverkaréttur á sviði iðnaðar	304
II.	Viðbótarvottorð um vernd	304
5.	Stefna í samkeppnismálum	305
6.	Landbúnaður	307
A.	Landbúnaðarlöggjöf	307
B.	Löggjöf um heilbrigði dýra og plantna	309
I.	Dýraheilbrigðislöggjöf	309
8.	Stefna í flutningamálum	325
A.	Flutningar á landi og skipgengum vatnaleiðum	325
B.	Flutningar á sjó	326
C.	Flutningar á vegum	327
D.	Járnbrautaflutningar	334
E.	Flutningar á skipgengum vatnaleiðum	343

LÖG

um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggist á

FYRSTI HLUTI

MEGINREGLUR

1. gr:

Í þessum lögum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „upprunalegu sáttmálarnir“:
 - a) stofnsáttmáli Evrópubandalagsins („EB-sáttmálinn“) og stofnsáttmáli Kjarnorkubandalags Evrópu („KBE-sáttmálinn“) eins og bætt var við þá eða þeim breytt með sáttmálum eða öðrum gerðum sem öðluðust gildi fyrir þessa aðild,
 - b) sáttmálinn um Evrópusambandið („ESB-sáttmálinn“) eins og bætt var við hann eða honum breytt með sáttmálum eða öðrum gerðum sem öðluðust gildi fyrir þessa aðild;
- „núverandi aðildarríki“: Konungsríkið Belgía, Konungsríkið Danmörk, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spánn, Lýðveldið Frakkland, Írland, Lýðveldið Ítalía, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Konungsríkið Holland, Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Portúgal, Lýðveldið Finnland, Konungsríkið Svíþjóð og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands;
- sambandið: Evrópusambandið eins og því var komið á með ESB-sáttmálanum;
- „bandalagið“: annað eða bæði bandalögin, sem um getur í fyrsta undirlið, eftir atvikum;
- „nýju aðildarríkin“: Lýðveldið Tékkland, Lýðveldið Eistland, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Malta, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Slóveníu og Lýðveldið Slóvakía;
- „stofnanirnar“: stofnanir sem komið var á fót með upprunalegu sáttmálunum.

2. gr:

Frá aðildardegi eru ákvæði upprunalegu sáttmálanna og gerðanna, sem stofnanirnar og Seðlabanki Evrópu samþykktu fyrir aðild, bindandi fyrir nýju aðildarríkin og gilda í þeim ríkjum samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim sáttmálum og í þessum lögum.

3. gr:

1. Ákvæði Schengen-gerðanna, eins og þær voru felldar inn í ramma Evrópusambandsins með bókun við sáttmálann um Evrópusambandið og við stofnsáttmála Evrópubandalagsins (hér á eftir nefnd „Schengen-bókunin“), og gerðir, sem byggjast á þeim eða tengjast þeim á annan hátt, sbr. I. viðauka við þessi lög, sem og aðrar gerðir sem kunna að vera samþykktar fyrir aðildardag, eru bindandi fyrir nýju aðildarríkin og koma til framkvæmda þar frá og með aðildardegi.

2. Þau ákvæði Schengen-gerðanna, eins og þær eru felldar inn í ramma Evrópusambandsins, og gerðir, sem byggjast á þeim eða tengjast þeim á annan hátt, og ekki er getið um í 1. mgr., eru bindandi fyrir nýju aðildarríkin frá og með aðildardegi en skulu einungis gilda í nýju aðildarríki þegar ráðið hefur tekið ákvörðun þar að lútandi eftir að sannreynt hefur verið, með gildandi Schengen-matsaðferðum, að nauðsynleg skilyrði fyrir beitingu allra hluta gerðanna, sem um er að ræða, hafi verið uppfyllt í nýja aðildarríkinu og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

Ráðið skal taka ákvörðun með samhljóða samþykki fulltrúa ríkisstjórna þeirra aðildarríkja, þar sem ákvæðin, sem um getur í þessari málsgrein, hafa þegar komið til framkvæmda, og fulltrúi ríkisstjórnar aðildarríkis þar sem til stendur að koma þessum ákvæðum til framkvæmda. Fulltrúar ríkisstjórnar Írlands og ríkisstjórnar Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í ráðinu skulu taka þátt í slíkri ákvörðun að því marki sem hún tengist ákvæðum Schengen-gerðanna og gerða, sem byggjast á þeim eða tengjast þeim á annan hátt, sem þessi aðildarríki eiga þátt í.

3. Samningarnir, sem ráðið gerði skv. 6. gr. Schengen-bókunarinnar, eru bindandi fyrir nýju aðildarríkin frá aðildardegi.

4. Nýju aðildarríkin skuldbinda sig, að því er varðar þá samninga eða gerninga á sviði dóms- og innanríkismála sem eru óaðskiljanlegir markmiðum ESB-sáttmálans, til þess:

- að samþykkja þá sem hafa verið lagðir fram til undirritunar fyrir núverandi aðildarríki á aðildardegi, sem og þá sem ráðið hefur samið í samræmi við VI. bálk ESB-sáttmálans og mælst til að aðildarríkin samþykki;
- að taka upp stjórnvaldsráðstafanir og aðrar ráðstafanir, eins og þær sem núverandi aðildarríki eða ráðið hafa samþykkt fyrir aðildardag, til að auðvelda samvinnu milli stofnana og samtaka aðildarríkjanna á sviði dóms- og innanríkismála.

4. gr.

Hvert hinna nýju aðildarríkja skal taka þátt í Efnahags- og myntbandalaginu frá og með aðildardegi sem aðildarríki með undanþágu í skilningi 122. gr. EB-sáttmálans.

5. gr.

1. Með þessum lögum gerast nýju aðildarríkin aðilar að þeim ákvörðunum og samningum sem fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna samþykkja á fundum í ráðinu. Þau skuldbinda sig, frá og með aðildardegi, til þess að gerast aðilar að öllum öðrum samningum sem núverandi aðildarríki gera og tengjast starfsemi sambandsins eða störfum þess.

2. Nýju aðildarríkin skuldbinda sig til að gerast aðilar að þeim samningum, sem kveðið er á um í 293. gr. EB-sáttmálans, og þeim sem eru óaðskiljanlegir markmiðum EB-sáttmálans, sem og að bókunum um túlkun dómstólsins á þeim samningum sem núverandi aðildarríki hafa undirritað, og í því skyni skuldbinda þau sig til að hefja samningaviðræður við núverandi aðildarríki um nauðsynlega aðlögun að þeim.

3. Nýju aðildarríkin eru í sömu aðstöðu og núverandi aðildarríki að því er varðar yfirlýsingar eða ályktanir eða aðra afstöðu leiðtogaáðsins eða ráðsins, sem og þær sem tengjast bandalaginu eða sambandinu, sem aðildarríkin hafa samþykkt samhljóða. Þau munu því virða þær meginreglur og viðmiðunarreglur sem leiðir af þessum yfirlýsingum, ályktunum eða annari afstöðu og gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja framkvæmd þeirra.

6. gr.

1. Samningar, sem bandalagið hefur gert eða beitt til bráðabirgða eða skv. 24. eða 38. gr. ESB-sáttmálans, við eitt eða fleiri þriðju ríki, alþjóðastofnun eða ríkisborgara þriðja ríkis, eru, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í upprunalegu sáttmálunum og í þessum lögum, bindandi fyrir nýju aðildarríkin.

2. Nýju aðildarríkin skuldbinda sig, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum lögum, til að gerast aðilar að samningum sem núverandi aðildarríki og bandalagið hafa gert eða beitt til bráðabirgða í sameiningu, og að samningum, sem þessi ríki hafa gert, er tengjast þeim samningum.

Aðild nýju aðildarríkjanna að samningunum, sem getið er í 6. mgr. hér á eftir, sem og að samningum við Hvíta-Rússland, Kína, Chile, Mercosur-löndin og Sviss sem bandalagið og aðildarríki þess hafa gert eða skrifað undir í sameiningu, skal samþykkt með bókun við þá samninga milli ráðsins sem, með samhljóða samþykki, kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna, og hlutaðeigandi þriðja lands eða landa eða alþjóðastofnunar. Þessi málsmeðferð hefur ekki áhrif á valdsvið bandalagsins sjálfs eða á skiptingu valds milli bandalagsins og aðildarríkjanna að því er varðar gerð slíkra samninga í framtíðinni eða aðrar breytingar sem ekki tengjast aðild. Framkvæmdastjórnin skal sjá um samningaviðræður um þessar bókanir fyrir hönd aðildarríkjanna á grundvelli tilskipana um samningaviðræður, sem ráðið hefur samþykkt með samhljóða samþykki, og að höfðu samráði við nefnd sem í sitja fulltrúar aðildarríkjanna. Hún skal leggja fyrir ráðið drög að bókunum sem ráðið síðan gerir.

3. Þegar nýju aðildarríkin gerast aðilar að samningunum, sem um getur í 2. mgr., skulu þau öðlast sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum samningum og núverandi aðildarríki.

4. Með þessum lögum gerast nýju aðildarríkin aðilar að samstarfssamningnum milli aðila að hópi ríkja í Afríku, Karíbahafi og Kyrrahafi annars vegar og Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess hins vegar ⁽¹⁾ sem undirritaður var í Cotonou 23. júní 2000.

5. Nýju aðildarríkin skuldbinda sig til að gerast aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾ með þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í þessum lögum, í samræmi við 128. gr. þess samnings.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 317, 15.12.2000, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 1, 3.1.1994, bls. 3.

6. Frá aðildardegi og þar til nauðsynlegar bókanir, sem um getur í 2. mgr., hafa verið gerðar skulu nýju aðildarríkin beita ákvæðum samninga sem núverandi aðildarríki og bandalagið hafa gert í sameiningu við Alsír, Armeníu, Aserbaidsjan, Búlgaríu, Króatíu, Egyptaland, Makedóníu, fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu, Georgíu, Ísrael, Jórdaníu, Kasakstan, Kirgisistan, Líbanon, Mexíkó, Moldóvu, Marokkó, Rúmeníu, Rússneska sambandsríkið, San Marínó, Suður-Afríku, Suður-Kóreu, Sýrland, Túnis, Tyrkland, Túrkménistan, Úkraínu og Úsbekistan, sem og ákvæðum annarra samninga sem núverandi aðildarríki og bandalagið hafa gert í sameiningu fyrir aðild.

Gera skal sameiginlegar bókanir með samningslöndunum um allar aðlaganir á þessum samningum í samræmi við ákvæði annarrar undirgreinar 2. mgr. Hafi bókanirnar ekki verið gerðar á aðildardegi skulu bandalagið og aðildarríkin, innan ramma valdsviðs hvors um sig, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við þeim aðstæðum við aðild.

7. Frá og með aðildardegi skulu nýju aðildarríkin beita tvíhliða samningum og ráðstöfunum um textílvörur sem bandalagið hefur gert við þriðju lönd.

Magntakmarkanir bandalagsins á innflutningi textílvara og fatnaðar skulu aðlagðar með tilliti til aðildar nýju aðildarríkjanna að bandalaginu. Í því skyni er bandalaginu heimilt að semja við hlutaðeigandi þriðju lönd um breytingar á tvíhliða samningunum og ráðstöfununum, sem um getur hér að framan, fyrir aðildardag.

Hafi breytingar á tvíhliða samningum og ráðstöfunum um textílvörur ekki tekið gildi á aðildardegi skal bandalagið aðlaga reglur sínar um innflutning textílvara og fatnaðar frá þriðju löndum, eins og nauðsyn ber til, með tilliti til aðildar nýju aðildarríkjanna að bandalaginu.

8. Magntakmarkanir bandalagsins á innflutningi á stáli og stálvörum skulu aðlagðar á grundvelli innflutnings nýju aðildarríkjanna á undangengnum árum á stálvörum sem eru upprunnar í hlutaðeigandi löndum sem eru birgjar.

Í því skyni skal samið um nauðsynlegar breytingar á tvíhliða stálsamningum og ráðstöfunum, sem bandalagið hefur gert við þriðju lönd, fyrir aðildardag.

Hafi breytingar á tvíhliða samningum og ráðstöfunum ekki tekið gildi á aðildardegi gilda ákvæði fyrstu undirgreinar.

9. Frá og með aðildardegi skal bandalagið stjórna sjávarútvegssamningum sem nýju aðildarríkin gera við þriðju lönd.

Réttindi og skyldur nýju aðildarríkjanna samkvæmt þessum samningum skulu ekki verða fyrir áhrifum á þeim tíma þegar ákvæði þessara samninga gilda til bráðabirgða.

Svo fljótt sem auðið er og a.m.k. áður en samningarnir, sem um getur í fyrstu undirgrein, renna út skal ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykka viðeigandi ákvarðanir í hverju tilviki um áframhald fiskveiða sem þessir samningar hafa í för með sér, þ.m.t. sá möguleika að framlengja tiltekna samninga, þó ekki lengur en um eitt ár.

10. Frá og með aðildardegi skulu nýju aðildarríkin segja upp öllum fríverslunarsamningum við þriðju lönd, þ.m.t. fríverslunarsamningi Mið-Evrópulanda.

Að því marki sem samningar milli eins eða fleiri af nýju aðildarríkjunum annars vegar og eins eða fleiri þriðju landa hins vegar samrýmast ekki þeim skyldum sem leiðir af þessum lögum skulu nýju aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að eyða því misræmi sem reynist vera til staðar. Lendi nýtt aðildarríki í erfiðleikum við að aðlaga samning, sem gerður var við eitt eða fleiri þriðju lönd fyrir aðild, skal það segja samningnum upp í samræmi við skilmála hans.

11. Með þessum lögum og þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í þeim, gerast nýju aðildarríkin aðilar að innbyrðis samningum sem núverandi aðildarríki hafa gert um framkvæmd samninganna sem um getur í 2. mgr. og 4.-6. mgr.

12. Nýju aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, ef nauðsyn krefur, til að færa stöðu sína í rétt horf, að því er lýtur að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum sem bandalagið eða önnur aðildarríki eiga einnig aðild að, þannig að hún samrýmist réttindum og skyldum þeim sem aðild þeirra að sambandinu hefur í för með sér.

Einkum skulu þau, á aðildardegi eða eins fljótt og unnt er eftir það, segja upp alþjóðlegum sjávarútvegssamningum og aðild að alþjóðastofnunum, sem bandalagið er einnig aðili að, nema aðild þeirra tengist öðrum málefnum en sjávarútvegi.

7. gr.

Ekki er heimilt að fresta gildistöku ákvæða þessara laga, breyta þeim eða fella þau úr gildi á annan hátt en samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í upprunalegu sáttmálunum um endurskoðun þeirra.

8. gr.

Gerðir, sem stofnanir hafa samþykkt og vísað er til í bráðabirgðaákvæðum þessara laga, skulu halda stöðu sinni að lögum; einkum gildir áfram sama málsmeðferð varðandi breytingar á þessum gerðum.

samþykkt, á annan hátt en til bráðabirgða, skulu hafa sömu stöðu að lögum og ákvæðin sem þau fella úr gildi eða breyta og vera háð sömu reglum og þau ákvæði.

9. gr.

Ákvæði þessara laga, sem hafa þann tilgang eða þau áhrif að fella úr gildi eða breyta gerðum, sem stofnanirnar hafa

10. gr.

Beiting upprunalegu sáttmálanna og gerða, sem stofnanir hafa samþykkt, skal, til bráðabirgða, vera með fyrirvara um þær undanþágur sem kveðið er á um í þessum lögum.

ANNAR HLUTI

AÐLÖGUN AÐ SÁTTMÁLANUM

I. BÁLKUR

ÁKVÆÐI UM STOFNANIR

1. KAFLI

Evrópuþingið

11. gr.

Frá og með upphafi tímabilsins 2004-2009 skal eftirfarandi koma í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 190. gr. EB-sáttmálans og fyrstu undirgreinar 2. mgr. 108. gr. KBE-sáttmálans:

„Í hverju aðildarríki skal kjósa eftirtalinn fjöldi fulltrúa:

Belgía	24
Tékkland	24
Danmörk	14
Þýskaland	99
Eistland	6
Grikkland	24
Spánn	54
Frakkland	78
Írland	13
Ítalía	78
Kýpur	6
Lettland	9
Litháen	13
Lúxemborg	6
Ungverjaland	24
Malta	5
Holland	27
Austurríki	18
Pólland	54
Portúgal	24
Slóvenía	7
Slóvakía	14
Finnland	14
Svíþjóð	19
Breska konungsríkið	78 ^{cc}

2. KAFLI

Ráðið

12. gr.

1. Frá og með 1. nóvember 2004 gildir eftirfarandi:

- a) Í 205. gr. EB-sáttmálans og 118. gr. KBE-sáttmálans
i) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Þegar þess er krafist að ráðið taki ákvarðanir með auknum meirihluta skulu atkvæði fulltrúa vega sem hér segir:

Belgía	12
Tékkland	12
Danmörk	7
Þýskaland	29
Eistland	4
Grikkland	12
Spánn	27
Frakkland	29
Írland	7
Ítalía	29
Kýpur	4
Lettland	4
Litháen	7
Lúxemborg	4
Ungverjaland	12
Malta	3
Holland	13
Austurríki	10
Pólland	27
Portúgal	12
Slóvenía	4
Slóvakía	7
Finnland	7
Svíþjóð	10
Breska konungsríkið	29

Þegar ákvarðanir eru teknar í ráðinu er þess krafist að þær séu samþykktar með minnst 232 greiddum atkvæðum meirihluta fulltrúa ef sáttmáli þessi kveður á um að þær skuli samþykktar að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Í öðrum tilvikum teljast ákvarðanir ráðsins samþykktar með minnst 232 greiddum atkvæðum a.m.k. tveggja þriðju hluta fulltrúanna.“;

ii) bætist við eftirfarandi málsgrein:

„4. Þegar ráðið skal samþykkja ákvörðun með auknum meirihluta geta fulltrúar í ráðinu krafist staðfestingar á því að aðildarríkin, sem mynda aukinn meirihluta, séu fulltrúar a.m.k. 62% af heildaríbúafjölda sambandsins. Ef sýnt er að það skilyrði sé ekki uppfyllt telst ákvörðunin ekki samþykkt.“;

b) Í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. 23. gr. ESB-sáttmálans komi eftirfarandi:

„Atkvæði fulltrúa í ráðinu skulu vega í samræmi við 2. mgr. 205. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins. Ákvarðanir teljast samþykktar með minnst 232 greiddum atkvæðum a.m.k. tveggja þriðju hluta fulltrúanna. Þegar ráðið skal samþykkja ákvörðun með auknum meirihluta geta fulltrúar í ráðinu krafist staðfestingar á því að aðildarríkin, sem mynda aukinn meirihluta, séu fulltrúar a.m.k. 62% af heildaríbúafjölda sambandsins. Ef sýnt er að það skilyrði sé ekki uppfyllt telst ákvörðunin ekki samþykkt.“;

c) Í stað 3. mgr. 34. gr. ESB-sáttmálans komi eftirfarandi:

„3. Ef þess er krafist að ráðið taki ákvarðanir með auknum meirihluta skulu atkvæði fulltrúanna vega eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 205. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins og teljast ákvarðanir ráðsins samþykktar með minnst 232 greiddum atkvæðum a.m.k. tveggja þriðju hluta fulltrúanna. Þegar ráðið skal samþykkja ákvörðun með auknum meirihluta geta fulltrúar í ráðinu krafist staðfestingar á því að aðildarríkin, sem mynda aukinn meirihluta, séu fulltrúar a.m.k. 62% af heildaríbúafjölda sambandsins. Ef sýnt er að það skilyrði sé ekki uppfyllt telst ákvörðunin ekki samþykkt.“

2. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. bókunar við ESB-sáttmálann og við EB-sáttmálann um stækkun Evrópusambandsins falli úr gildi.

3. Geristfærri eintíuný aðildarríki aðilarað Evrópusambandinu skulu viðmiðunarmörkin fyrir aukinn meirihluta sett með ákvörðun ráðsins með því að beita beinni, línulegri brúun, sem jöfnuð er að næsta atkvæði, á bilinu frá 71%, fyrir ráð með 300 atkvæði, til 72,27%, fyrir Evrópusamband 25 aðildarríkja.

3. KAFLI

Dómstóllinn

13. gr.

1. Í stað 9. gr. bókunar við ESB-sáttmálann, EB-sáttmálann og KBE-sáttmálann um samþykktir dómstólsins komi eftirfarandi:

„9. gr.

Þegar skipt er út dómurum í hluta dómaraembættanna, á þriggja ára fresti, er skipt út þrettán og tólf dómurum á víxl.“

2. Í stað 48. gr. bókunar við ESB-sáttmálann, EB-sáttmálann og KBE-sáttmálann um samþykktir dómstólsins komi eftirfarandi:

„48. gr.

Dómstóll á fyrsta dómstigi skal skipaður tuttugu og fimm dómurum.“

4. KAFLI

Efnahags- og félagsmálanefndin

14. gr.

Í stað annarrar málsgreinar 258. gr. EB-sáttmálans og annarrar málsgreinar 166. gr. KBE-sáttmálans komi eftirfarandi:

„Fjöldi nefndarmanna er:

Belgía	12
Tékkland	12
Danmörk	9
Þýskaland	24
Eistland	7
Grikkland	12
Spánn	21
Frakkland	24
Írland	9
Ítalía	24
Kýpur	6
Lettland	7
Litháen	9

Lúxemborg	6	Austurríki	12
Ungverjaland	12	Pólland	21
Malta	5	Portúgal	12
Holland	12	Slóvenía	7
Austurríki	12	Slóvakía	9
Pólland	21	Finnland	9
Portúgal	12	Svíþjóð	12
Slóvenía	7	Breska konungsríkið	24“
Slóvakía	9		
Finnland	9		
Svíþjóð	12		
Breska konungsríkið	24“		

6. KAFLI

Vísinda- og tækninefndin

16. gr.

Eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 134. gr. KBE-sáttmálans:

„2. Nefndin skal skipuð þrjátíu og níu nefndarmönnum sem ráðið skipar að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina.“

5. KAFLI

Svæðanefndin

15. gr.

Í stað þriðju málsgreinar 263. gr. EB-sáttmálans komi eftirfarandi:

„Fjöldi nefndarmanna er:

Belgía	12
Tékkland	12
Danmörk	9
Þýskaland	24
Eistland	7
Grikkland	12
Spánn	21
Frakkland	24
Írland	9
Ítalía	24
Kýpur	6
Lettland	7
Litháen	9
Lúxemborg	6
Ungverjaland	12
Malta	5
Holland	12

7. KAFLI

Seðlabanki Evrópu

17. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 49. gr. bókunar nr. 18 við stofnsáttmála Evrópubandalagsins um stofnsamþykkt Evrópska seðlabankakerfisins (ESCB) og Seðlabanka Evrópu (ECB):

„49.3 Þegar eitt eða fleiri lönd gerast aðildarríki og seðlabankar þeirra verða hluti af Evrópska seðlabankakerfinu hækkar sjálfkrafa skráð hlutfé Seðlabanka Evrópu og takmörkun á gjaldeyrisforða sem færa má til hans. Hækkunin skal ákvörðuð með því að margfalda viðkomandi fjárhæðir eins og þær þá reiknast í samræmi við hlutfallið, miðað við útvíkkaða hlutfjárskiptingu, milli vægis þeirra seðlabanka sem eru að ganga inn og vægis seðlabanka sem þegar eiga aðild að Evrópska seðlabankakerfinu. Vægi hvers seðlabanka í hlutfjárskiptingunni skal reiknað út í samræmi við grein 29.1 og grein 29.2. Viðmiðunartímabil tölfræðigagna skulu vera hin sömu og notuð voru við síðustu fimm ára aðlögun vægisins skv. grein 29.3.“

II. BÁLKUR

Önnur aðlögun*18. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 57. gr. EB-sáttmálans:

„Að því er varðar gildandi takmarkanir samkvæmt landslögum í Eistlandi og Ungverjalandi skal dagsetningin vera 31. desember 1999“.

19. gr.

Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 299. gr. EB-sáttmálans:

„1. Sáttmáli þessi gildir um Konungsríkið Belgíu, Lýðveldið Tékkland, Konungsríkið Danmörku, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Eistland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spán, Lýðveldið Frakkland, Írland, Lýðveldið Ítalíu, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Möltu, Konungsríkið Holland, Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Portúgal, Lýðveldið Slóveníu, Lýðveldið Slóvakíu, Lýðveldið Finnland, Konungsríkið Svíþjóð og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.“

ÞRIÐJI HLUTI

VARANLEG ÁKVÆÐI

I. BÁLKUR

AÐLÖGUN Á GERÐUM SEM STOFNANIRNAR HAFA SAMÞYKKT*20. gr.*

Gerðir, sem taldar eru upp í II. viðauka við þessi lög, skulu aðlagðar eins og tilgreint er í viðaukanum.

21. gr.

Aðlaganir á gerðunum, sem taldar eru upp í III. viðauka við þessi lög, sem nauðsynlegar eru vegna aðildar, skulu gerðar í samræmi við leiðbeiningarnar, sem settar eru fram í viðaukanum, og í samræmi við þá málsmeðferð og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 57. gr.

II. BÁLKUR

ÖNNUR ÁKVÆÐI*22. gr.*

Beita skal ráðstöfununum, sem taldar eru upp í IV. viðauka við þessi lög með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

23. gr.

Ráðinu er heimilt, með samhljóða samþykki, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, að aðlaga ákvæði þessara laga sem tengjast sameiginlegri landbúnaðarstefnu ef það reynist nauðsynlegt í kjölfar breytinga á bandalagsreglum. Heimilt er að slík aðlögun fari fram fyrir aðildardag.

FJÓRÐI HLUTI

TÍMABUNDIN ÁKVÆÐI

I. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR

24. gr.

Ráðstafanirnar, sem taldar eru upp í V., VI., VII., VIII., IX., X., XI., XII., XIII. og XIV. viðauka við þessi lög, gilda, að því er varðar nýju aðildarríkin, með skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum viðaukum.

25. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði annarrar málsgreinar 189. gr. EB-sáttmálans og annarrar málsgreinar 107. gr. KBE-sáttmálans og með tilliti til 2. mgr. 190. gr. EB-sáttmálans og 2. mgr. 108. gr. KBE-sáttmálans skal þingsætafjöldi nýju aðildarríkjanna á Evrópuþinginu fyrir tímabilið frá aðildardegi fram að upphafi þingtímabilsins 2004-2009 vera sem hér segir:

Tékkland	24
Eistland	6
Kýpur	6
Lettland	9
Litháen	13
Ungverjaland	24
Malta	5
Pólland	54
Slóvenía	7
Slóvakía	14

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 190. gr. EB-sáttmálans og 2. mgr. 108. gr. KBE-sáttmálans skulu fulltrúar þjóða nýju aðildarríkjanna á Evrópuþinginu fyrir tímabilið frá aðildardegi fram að upphafi þingtímabilsins 2004-2009 vera skipaðir af þingum þessara ríkja innan þinganna sjálfra í samræmi við málsmeðferð sem hvert þessara ríkja mælir fyrir um.

26. gr.

1. Eftirfarandi ákvæði gilda fram til 31. október 2004:

a) Að því er varðar 2. mgr. 205. gr. EB-sáttmálans og 2. mgr. 118. gr. KBE-sáttmálans:

Ef þess er krafist að ráðið taki ákvarðanir með auknum meirihluta skulu atkvæði þeirra sem sæti eiga í ráðinu vega sem hér segir:

Belgía	5
Tékkland	5
Danmörk	3

Þýskaland	10
Eistland	3
Grikkland	5
Spánn	8
Frakkland	10
Írland	3
Ítalía	10
Kýpur	2
Lettland	3
Litháen	3
Lúxemborg	2
Ungverjaland	5
Malta	2
Holland	5
Austurríki	4
Pólland	8
Portúgal	5
Slóvenía	3
Slóvakía	3
Finnland	3
Svíþjóð	4
Breska konungsríkið	10

b) Að því er varðar aðra og þriðju undirgrein 2. mgr. 205. gr. EB-sáttmálans og 2. mgr. 118. gr. KBE-sáttmálans:

Til að teljast samþykktar þurfa ákvarðanir ráðsins a.m.k.:

– 88 atkvæði þegar ákvörðun samkvæmt þessum sáttmála skal samþykkt að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

– 88 atkvæði í öðrum tilvikum og skulu a.m.k. tveir þriðju fulltrúa í ráðinu greiða atkvæði.

c) Að því er varðar annan málslið þriðju undirgreinar í 2. mgr. 23. gr. ESB-sáttmálans:

Ákvarðanir skulu teljast samþykktar með minnst 88 atkvæðum og skulu a.m.k. tveir þriðju fulltrúanna greiða atkvæði.

d) Að því er varðar 3. mgr. 34. gr. ESB-sáttmálans:

Þegar þess er krafist að ráðið taki ákvarðanir með auknum meirihluta skulu atkvæði fulltrúa í ráðinu veða eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 205. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ákvarðanir skulu teljast samþykktar með minnst 88 greiddum atkvæðum og skulu a.m.k. tveir þriðju fulltrúa í ráðinu greiða atkvæði.

2. Gerist færri en tíu ný aðildarríki aðilar að sambandinu skulu viðmiðunarmörkin fyrir aukinn meirihluta fyrir tímabilið fram til 31. október 2004 sett þannig, með ákvörðun ráðsins, að þau komist eins nærri því að svara til 71,26% af heildaratkvæðafjölda og hægt er.

27. gr.

1. Tekjur, sem auðkenndar eru sem „Tollar samkvæmt sameiginlegu tollskránni og önnur gjöld“, sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/597/EB, KBE um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna ⁽¹⁾, eða í samsvarandi ákvæði í ákvörðun sem kemur í hennar stað, skulu taka til tolla, sem reiknaðir eru á grundvelli taxta sem leiðir af sameiginlegu tollskránni og sérhverrar tollaívilnunar sem henni tengist, sem bandalagið beitir á viðskipti nýju aðildarríkjanna við þriðju lönd.

2. Fyrir árið 2004 skal samræmdur skattstofn virðisaukaskatts og reiknigrunnur vergra þjóðartekna fyrir hvert nýtt aðildarríki, sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/597/EB, KBE, jafngilda tveimur þriðju af árlegum grunni. Reiknigrunnur vergra þjóðartekna hvers nýs aðildarríkis, sem taka ber tillit til við útreikninga á fjármögnun leiðréttingar vegna misvægis á framlögum til Breska konungsríkisins, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/597/EB, skal einnig jafngilda tveimur þriðju af árlegum grundvelli.

3. Við ákvörðun á föstu skatthlutfalli fyrir árið 2004 skv. b-lið 4. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/597/EB, KBE skal skattstofn virðisaukaskatts nýju aðildarríkjanna með þaki reiknaður á grundvelli tveggja þriðju af skattstofni virðisaukaskatts án þaks og tveggja þriðju af vergum þjóðartekjum þeirra.

28. gr.

1. Fjárlög Evrópubandalaganna fyrir fjárhagsárið 2004 skulu aðlöguð þannig að þau taki mið af aðild nýju aðildarríkjanna með breytingarfjárlögum sem taka gildi 1. maí 2004.

2. Hinum tólf mánaðarlegu tólftu hlutum virðisaukaskattstekna og tekna, sem byggjast á vergum þjóðartekjum, sem nýju aðildarríkjunum er gert að greiða samkvæmt þessum breytingarfjárlögum, sem og afturvirk

aðlögun á mánaðarlegu tólftu hlutum fyrir tímabilið janúar til apríl 2004, sem einungis gilda um núverandi aðildarríki, skal breytt í áttundu hluta sem krefja má um greiðslu á á tímabilinu maí til desember 2004. Afturvirk aðlögun, sem leiðir af hvers konar síðari breytingarfjárlögum sem samþykkt verða á árinu 2004, skal umreiknuð á sama hátt í jafnstóra hluta sem skulu greiðast fyrir árslok.

29. gr.

Fyrsta virka dag hvers mánaðar skal bandalagið greiða Tékklandi, Kýpur, Möltu og Slóveníu, sem útgjaldalið á fjárlögum Evrópubandalaganna, einn áttunda hluta 2004, frá og með aðildardegi, og einn tólfta hluta 2005 og 2006 af eftirtöldum fjárhæðum sem bráðabirgðaframlag:

(í millj. evra, miðað við verðlag 1999)

	2004	2005	2006
Tékkland	125,4	178,0	85,1
Kýpur	68,9	119,2	112,3
Malta	37,8	65,6	62,9
Slóvenía	29,5	66,4	35,5

30. gr.

Fyrsta virka dag hvers mánaðar skal bandalagið greiða Tékklandi, Eistlandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, Möltu, Póllandi, Slóveníu og Slóvakíu, sem útgjaldalið á fjárlögum Evrópubandalaganna, einn áttunda hluta 2004, frá og með aðildardegi, og einn tólfta hluta 2005 og 2006 af eftirtöldum sérákveðnum eingreiðslufjárhæðum:

(í millj. evra, miðað við verðlag 1999)

	2004	2005	2006
Tékkland	174,7	91,55	91,55
Eistland	15,8	2,9	2,9
Kýpur	27,7	5,05	5,05
Lettland	19,5	3,4	3,4
Litháen	34,8	6,3	6,3
Ungverjaland	155,3	27,95	27,95
Malta	12,2	27,15	27,15
Pólland	442,8	550,0	450,0
Slóvenía	65,4	17,85	17,85
Slóvakía	63,2	11,35	11,35

Við hvers kyns útreikninga á greiðslum úr þróunarsjóðum fyrir árin 2004-2006 skal tekið tillit til eins milljarðs evra fyrir Pólland og 100 milljóna evra fyrir Tékkland sem innifaldar eru í hinni sérákveðnu eingreiðslufjárhæð.

(¹) Stjótið. EB L 253, 7.10.2000, bls. 42.

31. gr.

1. Nýju aðildarríkin, sem talin eru upp hér á eftir, skulu greiða eftirtaldar fjárhæðir til Rannsóknarsjóðs á sviði kola og stáls, sem um getur í ákvörðun fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna 2002/234/KSE, sem komu saman í ráðinu 27. febrúar 2002, um fjárhagslegar afleiðingar þess að KSE-sáttmálinn fellur úr gildi og um Rannsóknarsjóðs á sviði kola og stáls ⁽¹⁾:

(í millj. evra, miðað við núverandi verðlag)

Tékkland	39,88
Eistland	2,5
Lettland	2,69
Ungverjaland	9,93
Pólland	92,46
Slóvenía	2,36
Slóvakía	20,11

2. Framlöggin til Rannsóknarsjóðs á sviði kola og stáls skulu greidd í fjórum afborgunum sem hefjast 2006 og eru greidd sem hér segir, ætíð á fyrsta virka degi fyrsta mánaðar ár hvert:

2006: 15%

2007: 20%

2008: 30%

2009: 35%.

32. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum sáttmála er ekki gengist undir neinar fjárhagsskuldbindingar til handa nýju aðildarríkjum samkvæmt Phare-áætluninni ⁽²⁾, Phare-áætluninni um samstarf yfir landamæri ⁽³⁾, foraðildarsjóðum fyrir Kýpur og Möltu ⁽⁴⁾, ISPA-áætluninni ⁽⁵⁾ og SAPARD-áætluninni ⁽⁶⁾ eftir 31. desember 2003. Nýju aðildarríkin skulu hljóta sömu meðferð og núverandi aðildarríki að því er varðar útgjöld samkvæmt fyrstu þremur liðum fjárhagsáætlunarinnar, eins og skilgreint er í samstarfssamningi milli stofnana frá 6. maí 1999 ⁽⁷⁾, frá og með 1. janúar 2004, með fyrirvara um

sérstakar forskriftir og undanþágur hér á eftir eða ef kveðið er á um annað í þessum sáttmála. Hámark viðbótarfjárveitinga til 1., 2., 3. og 5. liðar fjárhagsáætlunarinnar, sem tengjast stækkuninni, er sett fram í XV. viðauka. Þó er ekki heimilt að gangast undir neinar fjárhagsskuldbindingar af fjárlögum ársins 2004 vegna viðkomandi áætlunar eða stofnunar fyrir en hlutaðeigandi, nýtt aðildarríki hefur fengið aðild.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um útgjöld samkvæmt tryggingahluta Þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAGGF) skv. 2. gr. (1. mgr.), 2. gr. (2. mgr.) og 3. gr. (3. mgr.) reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1258/1999 um fjármögnun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ⁽⁸⁾ sem uppfyllir skilyrði um fjármögnun frá bandalaginu einungis frá og með aðildardegi í samræmi við 2. gr. þessara laga.

Þó gildir 1. mgr. þessarar greinar um útgjöld vegna byggðapróunar í dreifbýli samkvæmt tryggingahluta Þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar skv. 47. gr. a reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1257/1999 um stuðning Þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar við byggðapróun í dreifbýli og um breytingu og niðurfellingu tiltekinna reglugerða ⁽⁹⁾, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í breytingu á þeirri reglugerð í II. viðauka við þessi lög.

3. Með fyrirvara um síðasta málslið 1. mgr. munu nýju aðildarríkin, frá og með 1. janúar 2004, taka þátt í áætlunum og stofnunum bandalagsins með sömu skilmálum og skilyrðum og núverandi aðildarríki með fjármögnun af fjárlögum Evrópubandalaganna. Ákvæði um viðkomandi áætlanir og stofnanir skulu leysa af hólmi skilmála og skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðunum samstarfsráða, samningum og viljayfirlýsingum Evrópubandalaganna og nýju aðildarríkjanna um þátttöku þeirra í áætlunum og stofnunum bandalagsins frá og með 1. janúar 2004.

4. Ef eitthvert ríkjanna, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. aðildarsáttmálans, gerist ekki aðili að bandalaginu á árinu 2004 skal umsókn hlutaðeigandi ríkis um fjármögnun vegna útgjalda samkvæmt fyrstu þremur liðum fjárhagsáætlunar fyrir 2004 teljast ógild. Þá skal viðkomandi ákvörðun samstarfsráðs, samningur eða viljayfirlýsing gilda áfram til loka ársins 2004 að því er varðar það ríki.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 79, 22.3.2002, bls. 42.

⁽²⁾ Reglugerð (EBE) nr. 3906/89 (Stjtið. EB L 375, 23.12.1989, bls. 11) með áorðnum breytingum.

⁽³⁾ Reglugerð (EB) nr. 2760/98 (Stjtið. EB L 345, 19.12.1998, bls. 49) með áorðnum breytingum.

⁽⁴⁾ Reglugerð (EB) nr. 555/2000 (Stjtið. EB L 68, 16.3.2000, bls. 3) með áorðnum breytingum.

⁽⁵⁾ Reglugerð (EB) nr. 1267/1999 (Stjtið. EB L 161, 26.6.1999, bls. 73) með áorðnum breytingum.

⁽⁶⁾ Reglugerð (EB) nr. 1268/1999 (Stjtið. EB L 161, 26.6.1999, bls. 87).

⁽⁷⁾ Samstarfssamningur milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga (Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 160, 26.6.1999, bls. 103.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80.

5. Ef ráðstafana er þörf til að auðvelda skiptin frá ríkjandi fyrirkomulagi fyrir aðild til þess sem leiðir af beitingu þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykka nauðsynlegar ráðstafanir.

33. gr.

1. Framkvæmdastofnanir í nýju aðildarríkjunum skulu annast útboð, gerð samninga og greiðslur vegna foraðildaraðstoðar samkvæmt Phare-áætluninni ⁽¹⁾, Phare-áætluninni um samstarf yfir landamæri ⁽²⁾ og foraðildarsjóðum fyrir Kýpur og Möltu ⁽³⁾ frá og með aðildardegi.

Bráðabirgðastjórnun framkvæmdastjórnarinnar á útboðum og samningum skal hætt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þar að lútandi, að fengnu jákvæðu mati á rýmkuðu, dreifstýrðu framkvæmdakerfi (EDIS), í samræmi við viðmiðanir og skilyrði í viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1266/1999 um að samhæfa aðstoð við umsóknarlönd innan ramma foraðildaráætlunar og um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3906/89 ⁽⁴⁾.

Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun um að hætta bráðabirgðastjórnun fyrir aðildardag skulu samningar, sem undirritaðir eru frá aðildardegi til dagsins þegar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er tekin, ekki uppfylla skilyrði um foraðildaraðstoð.

Ef fyrir kemur í undantekningartilviki að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að hætta bráðabirgðastjórnuninni seinki fram yfir aðildardag af ástæðum sem ekki verða raktar til yfirvalda nýja aðildarríkisins getur framkvæmdastjórnin þó samþykkt, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að samningar, undirritaðir á tímabilinu frá aðildardegi til þess dags er framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun, uppfylli skilyrði um foraðildaraðstoð, og að sú aðstoð haldi áfram til takmarkaðs tíma, sbr. þó bráðabirgðastjórnun framkvæmdastjórnarinnar á útboðum og samningum.

2. Fjárlagaskuldbindingar, sem gengist er undir fyrir aðild samkvæmt foraðildarfjármálaskjölunum sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. gerð og skráning einstakra, lagalegra skuldbindinga, sem gerðar eru síðar, og samninga um greiðslur sem gerðir eru eftir að aðild tekur gildi, skulu áfram lúta lögum og reglum foraðildarfjármálaskjalanna og vera gjaldfærðar á viðeigandi kafla fjárlaga uns áætlununum og verkefnum lýkur. Þrátt fyrir

þetta skal málsmeðferð við opinber innkaup, sem hafin er eftir aðild, vera í samræmi við viðeigandi tilskipanir bandalagsins.

3. Síðasta áætlunarvinna fyrir foraðildaraðstoðina, sem um getur í 1. mgr., skal eiga sér stað á síðasta heila almanaksárinu fyrir aðild. Gera verður samning um aðgerðir samkvæmt þessum áætlunum innan næstu tveggja ára þar á eftir og endurgreiðslur skulu fara fram eins og mælt er fyrir um í greinargerð fjármögnunar ⁽⁵⁾, yfirleitt fyrir lok þriðja árs eftir skuldbindingu. Ekki skal framlengja samningsgerðartímabilið. Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum má veita takmarkaða framlengingu á endurgreiðslutímanum.

4. Til að tryggja að foraðildarfjármálaskjölin, sem um getur í 1. mgr., og ISPA-áætlunin ⁽⁶⁾ falli smám saman niður, eins og nauðsynlegt er, sem og hnökralaus skipti úr reglum, sem gilda fyrir aðild, yfir í reglurnar eftir aðild, er framkvæmdastjórninni heimilt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að nauðsynlegt starfsfólk sé fyrir hendi í nýju aðildarríkjunum, eins og lögmaelt er, í mest fimmtán mánuði eftir aðild. Á þessu tímabili skulu embættismenn, sem ráðnir hafa verið til starfa í nýju aðildarríkjunum fyrir aðild og krafist er að starfi áfram í þessum ríkjum eftir aðildardag, í undantekningartilvikum, njóta sömu kjara, fjárhagslega og efnislega, og voru í gildi hjá framkvæmdastjórninni fyrir aðild í samræmi við X. viðauka við starfsmannareglur embættismanna Evrópubandalaganna og reglur um ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópubandalaganna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 ⁽⁷⁾. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þ.m.t. laun annars starfsfólks, sem þörf er á við stjórnun foraðildaraðstoðarinnar, skal fyrir allt árið 2004 og til loka júlímánaðar 2005, heyra undir liðinn „viðbótarútgjöld vegna aðgerða“ (áður B-hluti fjárlaga) eða jafngilda liði viðkomandi foraðildarfjárlaga að því er varðar fjármálaskjölin, sem um getur í 1. mgr., og IPSA-áætlunina.

5. Þegar ekki er lengur unnt að fjármagna verkefni, sem samþykkt voru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1268/1999, samkvæmt þeim gerningi má fella þau inn í áætlanir um byggðapróun í dreifbýli og fjármagna þau úr Þróunar- og ábyrgðarsjóði evrópsks landbúnaðar. Ef nauðsynlegt reynist að gera sérstakar bráðabirgðaráðstafanir í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin samþykka þær í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 50. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1260/1999 um almenn ákvæði um þróunarsjóðina ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Reglugerð (EBE) nr. 3906/89 (Stjtið. EB L 375, 23.12.1989, bls. 11) með áorðnum breytingum.

⁽²⁾ Reglugerð (EB) nr. 2760/98 (Stjtið. EB L 345, 19.12.1998, bls. 49) með áorðnum breytingum.

⁽³⁾ Reglugerð (EB) nr. 555/2000 (Stjtið. EB L 68, 16.3.2000, bls. 3) með áorðnum breytingum.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 232, 2.9.1999, bls. 34.

⁽⁵⁾ Eins og fram kemur í Phare-leiðbeiningunum (SEC (1999) 1596 sem uppfærðar voru 6.9.2002 með C 3303/2).

⁽⁶⁾ Reglugerð (EB) nr. 1267/99 (Stjtið. EB L 161, 26.6.1999, bls. 73) með áorðnum breytingum.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 2265/02 (Stjtið. EB L 347, 20.12.2002, bls. 1).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 161, 26.6.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1447/2001 (Stjtið. EB L 198, 21.7.2001, bls. 1).

34. gr.

1. Frá aðildardegi til loka ársins 2006 skal sambandið láta nýju aðildarríkjunum í té tímabundna fjárhagsaðstoð, hér á eftir nefnd „bráðabirgðaaðstoð“, til að þróa og styrkja stjórnsýslu sína til að framkvæma og framfylgja löggjöf bandalagsins og til að örva miðlun á bestu starfsvenjum milli starfsbræðra.

2. Aðstoðin skal beinast að áframhaldandi þörf á að efla stofnanir á tilteknum sviðum með aðgerðum sem ekki má fjármagna með þróunarsjóðunum, einkum á eftirtöldum sviðum:

- dóms- og innanríkismál (styrking dómskerfisins, eftirlit á ytri landamærum, áætlun gegn spillingu og efling löggæslu),
- fjármálastjórn,
- gæsla á fjárhagslegum hagsmunum bandalaganna og barátta gegn svikum,
- innri markaðurinn, þ.m.t. tollabandalag,
- umhverfismál,
- dýraheilbrigðisþjónusta og uppbygging á stjórnunargetu á sviði matvælaöryggis,
- stjórnunar- og eftirlitsskipulag í landbúnaði og byggðaþróun í dreifbýli, þ.m.t. Samþætta stjórnunar- og eftirlitsskerfið (IACS),
- kjarnorkuöryggi (til að styrkja skilvirkni og hæfni kjarnorkuöryggisyrvalda og faglegra samtaka til stuðnings þeim, sem og opinberra stofnana sem annast meðhöndlun kjarnaúrgangs),
- hagtölur,
- styrking opinberrar stjórnsýslu samkvæmt þörfum sem bent er á í ítarlegri eftirlitsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar og heyra ekki undir þróunarsjóðina.

3. Ákvarðanir um bráðabirgðaaðstoð skulu teknar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3906/89 um efnahagsaðstoð við tiltekin lönd í Mið- og Austur-Evrópu ⁽¹⁾.

4. Áætlunin skal framkvæmd í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 53. gr. fjárhagsreglugerðarinnar sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽²⁾. Þegar um er að ræða samþætt

verkefni í opinberri stjórnsýslu við uppbyggingu stofnana skal málsmeðferð um auglýsingu eftir tillögum í gegnum net tengiliða í aðildarríkjunum gilda áfram eins og komið var á í rammamningum við núverandi aðildarríki að því er varðar foraðildaraðstoð.

Fjárveitingaskuldbindingar vegna bráðabirgðaaðstoðarinnar, á verðlagi ársins 1999, skulu vera 200 milljónir evra árið 2004, 120 milljónir evra árið 2005 og 60 milljónir evra árið 2006. Fjárveitingavaldið skal veita leyfi fyrir árlegum fjárveitingum innan marka fjárhagsáætlunar.

35. gr.

1. Schengen-aðstoð er hér með komið á sem bráðabirgðaleið til að hjálpa aðildarríkjunum, sem njóta styrks, frá aðildardegi til loka ársins 2006, að fjármagna aðgerðir við ný ytri landamæri sambandsins til framkvæmdar Schengen-gerðunum og til eftirlits á ytri landamærum.

Til að ráða bót á þeim ágöllum, sem koma í ljós við undirbúning að þátttöku í Schengen-samstarfinu, skulu eftirtaldir tegundir aðgerða uppfylla skilyrði um fjármögnun samkvæmt Schengen-aðstoðinni:

- fjárfesting í smíði, endurnýjun eða endurbótum á grunnvirkjum og tengdum byggingum á landamærum,
- fjárfestingar í hvers kyns rekstrarbúnaði (s.s. búnaði á rannsóknarstofur, greiningartækjum, vélbúnaði og hugbúnaði Schengen-upplýsingakerfisins (SIS 2) og flutningatækjum),
- þjálfun landamæravarða,
- aðstoð við kostnað af flutningaþjónustu og -starfsemi.

2. Eftirfarandi fjárhæðir skulu renna til aðildarríkja, sem njóta styrks samkvæmt Schengen-aðstoðinni, í formi eingreiðslu frá og með aðildardegi sem hér segir:

(í millj. evra, miðað við verðlag 1999)

	2004	2005	2006
Eistland	22,9	22,9	22,9
Lettland	23,7	23,7	23,7
Litháen	44,78	61,07	29,85
Ungverjaland	49,3	49,3	49,3
Pólland	93,34	93,33	93,33
Slóvenía	35,64	35,63	35,63
Slóvakía	15,94	15,93	15,93

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 375, 23.12.1989, bls. 11. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2500/2001 (Stjtið. EB L 342, 27.12.2001, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1).

3. Aðildarríkin, sem njóta styrks, skulu bera ábyrgð á að velja og framkvæma einstakar aðgerðir í samræmi við þessa grein. Þau skulu einnig bera ábyrgð á að samhæfa notkun aðstoðarinnar með hjálp annarra lagagerninga bandalagsins og tryggja þannig að hún samræmist stefnum og ráðstöfunum bandalagsins sem og fjárhagsreglugerðinni um fjárlög Evrópubandalaganna.

Styrkurinn er eingreiðsla sem skal nota innan þriggja ára frá fyrstu greiðslu og skal framkvæmdastjórnin endurheimta allt fé sem ónotað er eða eytt er á óréttmætan hátt. Aðildarríkin, sem njóta styrks, skulu leggja fram, eigi síðar en sex mánuðum eftir að þriggja ára fresturinn rennur út, ítarlega skýrslu um það hvernig styrknum, sem greiddur er sem eingreiðsla, var varið ásamt yfirliti þar sem gerð er grein fyrir útgjöldum.

Það ríki, sem nýtur styrks, skal gangast undir þessa ábyrgð án þess að það hafi áhrif á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar á að

framfylgja fjárlögum Evrópubandalaganna og í samræmi við ákvæði fjárhagsreglugerðarinnar um dreifstýrða stjórnun.

4. Framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til sannprófunar með aðstoð Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF). Framkvæmdastjórnin og Endurskoðunarrétturinn geta einnig látið fara fram vettvangsskoðun í samræmi við viðeigandi málsmeðferð.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt hvers kyns tæknileg ákvæði sem nauðsynleg kunna að reynast fyrir rekstur aðstoðarinnar.

36. gr.

Fjárhæðirnar, sem um getur í 29., 30., 34. og 35., gr., skulu aðlagðar árlega sem hluti af tækniáðlöguninni sem kveðið er á um í 15. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana frá 6. maí 1999.

II. BÁLKUR

ÖNNUR ÁKVÆÐI

37. gr.

1. Komi alvarlegir erfiðleikar upp innan þriggja ára frá aðild, sem sennilegt er að verði viðvarandi innan einhvernna greinar atvinnulífsins eða geti valdið alvarlegri, efnahagslegri afturför á tilteknu svæði, getur nýtt aðildarríki sótt um heimild til verndarráðstafana til að koma aftur á fyrri jafnvægi og laga þá grein atvinnulífsins, sem um er að ræða, að efnahagskerfi hins sameiginlega markaðar.

Við sömu aðstæður getur núverandi aðildarríki sótt um heimild til verndarráðstafana að því er varðar eitt eða fleiri nýju aðildarríkjanna.

2. Að beiðni hlutaðeigandi ríkis skal framkvæmdastjórnin hraða umfjöllun sinni og ákvarða þær verndarráðstafanir sem hún telur nauðsynlegar og tilgreina við hvaða aðstæður til þeirra skuli gripið og með hvaða hætti þeim skuli hrundið í framkvæmd.

Komi upp alvarlegir fjárhagserfiðleikar og fari viðkomandi aðildarríki þess eindregið á leit, skal framkvæmdastjórnin bregðast við innan fimm virkra daga frá móttöku beiðni með meðfylgjandi, viðeigandi upplýsingum um aðdraganda. Ráðstafanir, sem þannig eru ákveðnar, skulu tafarlaust taka gildi, með þeim skal tekið tillit til hagsmuna allra hlutaðeigandi aðila og þær skulu ekki hafa í för með sér landamæraeftirlit.

3. Ráðstafanir, sem heimilaðar eru skv. 2. mgr., geta falið í sér frávik frá ákvæðum EB-sáttmálans og frá þessum lögum, að því marki og svo lengi sem óhjákvæmilegt er til að þeim markmiðum, er um getur í 1. mgr., verði náð. Fyrst og fremst skal gera ráðstafanir sem valda sem minnstri röskun á starfsemi hins sameiginlega markaðar.

38. gr.

Ef nýtt aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar, sem það hefur gengist undir í aðildarviðræðum og raskar þannig alvarlega starfsemi innri markaðarins, þ.m.t. hvers konar skuldbindingar á öllum sérsviðum stefnumála sem varða atvinnustarfsemi sem hefur áhrif yfir landamæri, eða yfirvofandi hætta á slíkri röskun, er framkvæmdastjórninni heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir, að rökstuddri beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, til loka tímabils sem lýkur allt að þremur árum eftir gildistökudag þessara laga.

Ráðstafanir skulu vera í réttu hlutfalli við tilefnið og skulu ráðstafanir, sem valda minnstri röskun á innri markaðnum, sem og beiting þeirra verndarráðstafana sem fyrir eru á viðkomandi sérsviði, ef við á, látnar ganga fyrir. Ekki skal beita slíkum verndarráðstöfunum til að koma á gerræðislegri mismunun eða dulbúnum viðskiptatakmarkunum milli aðildarríkja. Heimilt er að skirskota til verndarákvæðisins jafnvel fyrir aðild á grundvelli niðurstaðna eftirlits og það öðlast gildi frá og með fyrsta degi aðildar. Ráðstöfunum skal ekki beitt lengur en bráðnauðsynlegt er og ætíð aflétt þegar staðið hefur verið við viðkomandi skuldbindingu. Þó er frjálst að beita þeim lengur en þann tíma sem tilgreindur er í fyrstu málsgrein hafi ekki verið staðið við viðkomandi skuldbindingar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að laga ráðstafanirnar að framvindu mála í nýju aðildarríkjunum eftir því hvernig þau uppfylla skuldbindingar sínar. Áður en framkvæmdastjórnin afturkallar verndar-ráðstafanir mun hún tilkynna ráðinu það með góðum fyrirvara og taka tilhlýðilegt tillit til allra athugasemda ráðsins þar að lútandi.

39. gr.

Ef alvarlegir ágallar eru, eða hætta á slíku er yfirvofandi í lögleiðingu, stöðu framkvæmdar eða beitingu rammaákvæðananna eða annarra viðkomandi skuldbindinga, samstarfsleiða eða ákvarðana, sem tengjast gagnkvæmri viðurkenningu á sviði hegningarlaga skv. VI. bálki ESB-sáttmálans, og tilskipana og reglugerða, sem tengjast gagnkvæmri viðurkenningu á sviði einkamálaréttar skv. IV. bálki EB-sáttmálans, er framkvæmdastjórninni heimilt, til loka tímabils sem lýkur allt að þremur árum eftir gildistöku þessara laga, að rökstuddri beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði og að höfðu samráði við aðildarríkin, að gera viðeigandi ráðstafanir og tilgreina við hvaða aðstæður og með hvaða hætti þeim skuli hrundið í framkvæmd.

Þessar ráðstafanir geta falist í tímabundinni frestun á beitingu viðkomandi ákvæða og ákvarðana í samskiptum nýja aðildarríkisins og annars aðildarríkis eða annarra aðildarríkja, án þess þó að það hafi áhrif á náð dómsmálasamstarf. Heimilt er að skírskota til verndarákvæðisins, jafnvel fyrir aðild, á grundvelli niðurstaðna eftirlits og það öðlast gildi frá og með fyrsta degi aðildar. Ráðstöfununum skal ekki beitt lengur en óhjákvæmilegt er og ætíð aflétt þegar ráðin hefur verið bót á ágöllum. Þó er heimilt að beita þeim fram yfir það tímabil sem skilgreint er í fyrstu málsgrein eða svo lengi sem ágallarnir eru til staðar. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að höfðu samráði við aðildarríkin, að laga ráðstafanirnar að framvindu mála í nýju aðildarríkjunum eftir því hvernig þau bæta úr ágöllum sem komið hafa í ljós. Áður en framkvæmdastjórnin afturkallar verndaráðstafanir mun hún tilkynna ráðinu það með góðum fyrirvara og taka tilhlýðilegt tillit til allra athugasemda ráðsins þar að lútandi.

40. gr.

